

Mál nr. 4/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 21. febrúar 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 25. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 19. ágúst 2020 hafi X, verið ekið aftan á Y sem M ók umrætt sinn. Ekki virðist ágreiningur um að X beri alla sök á umræddum árekstri. M hafi hlotið áverka við áreksturinn, þ.e. mikinn hnykk á hálsinn enda hafi hún snúið hálsinum til hliðar við aftanákeyrsluna, og hafi einkenni sem rekja meg til þessa atviks hrjáð hana síðan. V hafnaði kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X, með bréfi dags. 5. janúar 2021, á grundvelli þess að orsakatengsl milli umrædds atviks og þeirra einkenna sem M rekur til þess væru ósönnuð. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu en hún hafi leitað til læknis fimm dögum eftir umrætt slys vegna einkenna frá hálsi, herðum og baki. Sé hún enn í meðferð hjá sjúkrahjálfa vegna þessa. Þrátt fyrir að M hafi haft einkenni frá stoðkerfi fyrir slysið verði að líta til þess að hún hafi ekki þurft á meðferð sjúkrahjálfa að halda fyrir slysdag og þá sé aðeins einu sinni minnst á einkenni frá hálsi í sjúkraskrá hennar fyrir umrætt slys. Það að M hafi verið með langvinna verki og dreifð stoðkerfiseinkenni girði þá ekki fyrir að hún hafi hlotið áverka við umræddan árekstur. Höfnun V byggir þá aðallega á einhliða öfluðum hraðaútreikningi sem segi aðeins til um líklegasta hraða og hröðun bifreiðar við árekstur en segi ekki til um líkamlegar afleiðingar áreksturs á tjónþola. Geti slíkur útreikningur því naumast gefið réttar mynd afleiðingum slyssins, enda sé í tilfelli M sýnt fram á þær með fyrirbyggjandi gögnum. Við mat á afleiðingu slyss verði enda að líta til læknisfræðilegra gagna en ekki nær eingöngu líkindaútreiknings á ökuhraða og höggkrafti. Sé samkvæmt framlögðum gögnum fullsannað að M hafi orðið fyrir varanlegu heilsutjóni af völdum árekstursins.

Í bréfi V og síðari athugasemdum segir að í sjúkraskrá M komi fram að hún hafi fyrir umrætt slys glímt við einkenni frá öxlum, baki, mjóbaki, mjöðmum, hálsi o.fl. Þá komi fram að M hafi haft greiningu um vefjagigt og langvinna verki frá öxlum og verið óvinnufær af þeim orsökum. V hafi óskað eftir PC-Crash skýrslu og séu niðurstöður hennar þær að nær ekkert högg hafi orðið við áreksturinn. Slíkir árekstrar valdi almennt ekki varanlegu líkamstjóni og því séu ríkari kröfur gerðar um sönnun afleiðinga í slíkum tilvikum. Þá liggi ekki fyrir matsgerð þar sem tekin sé afstaða til orsakatengsla milli slyssins og einkenna M. Sé það mat V að ekki sé sýnt fram á orsakasamband árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M reki til hans og verði hún að bera hallan af þeim sönnunarskorti.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M meggi rekja til árekstursins hinn 19. ágúst 2020. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að afar lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Fyrir liggur að M leitaði til læknis hinn 24. ágúst 2020 og kvartaði undan verkjum og stífleika í hálsi. Var hún þá greind með hálstögnun, og fékk beiðni vegna sjúkrahjálfunar og ávisuð lyf. Þá liggur fyrir að M leitaði alls 22 sinnum til sjúkrahjálfa á tímabilinu 29. október 2020 til 2. mars. 2021. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um aðrar komur M til læknis vegna afleiðinga sem hún rekur til umrædds áreksturs né er fyrirbyggjandi skýrsla sjúkrahjálfa um

einkenni M eða meðferð hennar. Þá liggur fyrir sjúkraskrá M frá 19. ágúst 2015 til 19. ágúst 2020. Af henni má ráða að M hafi lengi þjáðst af útbreiddum stoðkerfisverkjum. Í færslu dags. 28. ágúst 2019 kemur þá fram að sögu um stoðkerfisverki megi rekja til ársins 1990, og hafi verkir þá byrjað í öxlum en á sl. árum verið víðar um líkamann, svo sem í hálsi, mjóbaki, brjóstkassa og fótum. Þá liggur fyrir að M hafi verið til meðferðar sjúkraþjálfara vegna stoðkerfisvandamála a.m.k. á árunum 2016 og 2019 þó ekki sé að fullu ljóst hvaða einkenni voru þá til meðferðar. Þrátt fyrir framangreint er ekki útilokað að M kunni að hafa orðið fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn 19. ágúst 2020 sem gætu veitt henni rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X. Fyrir nefndinni liggja hins vegar engin gögn með nánari upplýsingum um þau einkenni sem hún rekur til árekstursins og hvernig þau kunni að vera frábrugðin fyrri einkennum. Þá liggur ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum milli árekstursins og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M. Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirliggjandi gögnum, er vafi um að slík orsakatengsl séu fyrir hendi og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermansdóttir